

**46. fundur**  
**Skólanefndar Tálknafjarðarhrepps**  
**haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,**  
**föstudaginn 24. júlí 2009 og hófst hann kl. 9:00**

**Fundinn sátu:**

Guðlaug Björgvinsdóttir (GB), Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Trausti Þór Sverrisson, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS),

**Fundargerð ritaði:** Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir , ritari

**Dagskrá:**

**1. 0906058 - Umsóknir um kennarastöður við GT**

Fyrir fundinum lágu umsóknir frá Páli Kristinssyni, Haraldi A. Haraldssyni, Margréti Ingu Karlsdóttur og Sigurði Snæberg Jónssyni. Jafnframt á eftir að svara umsóknum sem lágu fyrir 44.fundi skólanefndar 16.júní 2009. Skólanefnd mælir með að Margrét Inga Karlsdóttir og Sigurður Snæberg Jónsson verði ráðinn, bæði eru að ljúka réttindanámi og fá góð meðmæli.

**2. 0906059 - Önnur mál**

1. Skólastjóri (TPS) lagði fyrir fundinn tillögu að kennslufyrirkomulagi fyrir skólaárið 2009-2010. Tillagan var rædd og mun skólastjóri ganga frá endanlegri tillögu fyrir næsta fund.
2. Oddviti kynnti niðurstöðu útboðs á skólamáltíðum, en tilboð voru opnuð föstudaginn 17.júlí 2009. Eitt tilboð barst og var ekki aðgengilegt að mati viðstaddra sveitarstjórnarmanna og því var hafnað. Oddvita var falið að gera gagntilboð sem hafnað var af tilboðshafa. Staðan er því þannig í dag ekki verði heitur matur í hádeginu í skólanum sem ekki er ásættanlegt að mati skólanefndar, ræddar voru hugmyndir að lausn á þessu máli.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:40**

---

---

---

---